

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, svæðið austan Varmár - Sólborgir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017 frá 23. maí 2006.

Breytingin nær til alls svæðis Hveragerðisbæjar austan Varmár, u.þ.b. 77 ha, og felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir íbúðarbyggð til uppbyggingar eftir 2017 verða tekin í notkun á skipulags-tímabilinu.
2. Tengibraut sem liggur til austurs í gegnum svæðið færast nær Suðurlandsvegi og tenging við Suðurlandsveg færast til austurs.
3. Mörk og stærð íbúðarsvæða breytast.
4. Mörk svæðis fyrir blandaða landnotkun (Þ2) færast nær Suðurlandsvegi og verður svæðið tvískipt og lögung og stærð þess breytist.
5. Óbyggt svæði á norðausturhluta svæðisins breytist í íbúðarsvæði. Jafnframt minnkar og breytist opið svæði til sérstakra nota (O11).
6. Fyrirhugað er nýtt tvískipt svæði fyrir blandaða landnotkun meðfram Suðurlandsvegi.
7. Lega reiðstíga og hjólreiða- og göngustíga breytist í samræmi við breytt mörk svæða. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir tengibraut og Suðurlandsveg fyrir stígana.
8. Tengivegur að Ölfusborgum liggur frá tengibraut í stað þess að liggja frá Suðurlandsvegi eins og nú er.
9. Háspennulínur og ljósleiðari á svæðinu verða lögð í jörðu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.